

Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn fimmtudaginn 3. desember kl. 15:00 í netheimum í gegnum TEAMS.

Mætt voru: Eva Einarsdóttir formaður,
Örn Þórðarson, aðalfulltrúar Reykjavíkurborgar
Eiríkur Orri Agnarsson,
Stefán Hilmarsson,
Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins
Ásdís Arnalds, áheyrnarfulltrúi starfsmanna
Kolbeinn Freyr Björnsson, áheyrnarfulltrúi nemenda
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Staðan í skólanum

Almennar umræður um stöðu kennslu á önninni sem senn lýkur. Lokapróf að hefjast á morgun og fara þau öll fram að heiman í gegnum Innu. Brottfall nær ekkert á önninni en álag mikið á nemendur og kennara að skólastarf sé með þessum hætti. Félagslíf nemenda verið í lágmarki og ekkert á staðnum.

2. Þriggja ára stefna skólans, fjárhagsáætlun fyrir 2021 og staðan í lok árs 2020

Líkleg rekstrarniðurstaða ársins 2020 eru 45 milljónir í halla. Nýttur afgangur af rekstri undanfarinni ára til að greiða hann upp.

Engar aukafjárveitingar í kortunum fyrir árið 2020, fjárveitingar hækkuðu um 3% milli áranna 2019 og 2020 en laun stærstu stéttarinnar hækkuðu um 6,62% og afturvirkar leiðréttingar kjarasamninga sem komu til útborgunar 1. maí 2020 námu 12,8 milljónum. Námsleyfi vangreidd um 2,6 milljónir. Þrátt fyrir Covid-19 er engin lækkun á launakostnaði á árinu því starfsmenn sem ekki eru við kennslu hafa verið færðir til í starfi tímabundið.

Rekstraráætlun fyrir árið 2021 skilað nálægt núllinu sem er óraunhæft. Fjárveitingar hækka um 3,5% frá 2020 – 2021.

3. Jafnlaunavottun

Hillir undir að skólinn sé að fá vottun á jafnlaunakerfi sitt – næst vonandi fyrir árslok 2020.

4. Stytting vinnuvikunnar – betri vinnutími

Unnið að því að útfæra styttingu vinnuvikunnar í samræmi við kjarasamninga. Stefnt að því að fara í fulla styttingu um 4 klst. á viku með því að hluti frídaga sem tengjast skólastarfi og almennir starfmenn skóla hafa haft verða teknir með í reikningsdæmið.

5. Erasmus verkefni

Skólameistari greindi frá samstarfsverkefni sem býður þess að fara af stað en það byggir á heimsóknnum nemenda og kennara milli landa. Valáfangi hjá nemendum og tengist umhverfisfræði – grænum áherslum.

6. Félagslíf í Covid-19

Formaður Keðjunnar fór yfir félagslíf sem hefur verið í gangi á haustönninni, haldnir nokkrir viðburðir á netinu, einn á döfnni með skemmtikröftum og flottheitum að afloknum prófum. Sóttvarnarreglur koma í veg fyrir allt félagslíf í raunheimum.

Stefnt að því að halda næsta fund í febrúar 2021.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.